

Lýsingar á smiðjum

Andlit og hár í lit

Traust og sköpun til að njóta. Tveir nemendur vinna saman, þar sem annar notar andlit og hár hins sem striga fyrir listaverk. Myndir teknar og settar á heimasíðu MÍ af listaverkunum. Nemendur geta komið með eigin andlitsliti-, glimmer og hárlitabrúsar (klókt) en á staðnum verða ýmsir andlitslitir og nokkrir hárlitabrúsar

Boccia

Nemendur læra boccia-reglurnar og heyra líka um sögu og stöðu boccia í heimi og á Íslandi. Þeir spila svo boccia samkvæmt reglunum.

Félagsvist

Félagsvist verður kynnt fyrir nemendum og spiluð á 6 borðum. Spilaðar verða jafn margar umferðir og tími vinnst til.

Fréttasmiðja

Nemendum er leiðbeint við gerð dagblaðs ásamt öðru sem hægt er að vinna með í umbrotsforriti (e.publisher). Nemendur taka einnig myndir af ýmsum viðburðum á Gróskudögum og síðast en ekki síst verða tekin upp myndskreið á myndbandupptökuvél sem sýnd verða við fyrsta tækifæri. Í smiðjunni er boðið upp á vinnu með nýjustu tæki og tól hvað snertir ljósmynda- og myndbandsupptökuvélar, hljóðritunartæki (diktafónn) og tölvuforrit sem þarf til klippingar á efni.

Gettu betur

Nemendum verður skipt í 4 lið (3 í hverju) og keppa 2 lið í einu og síðan verður úrslitakeppni á milli sigurliðanna – ef tími vinnst til. Líkt verður sem mest eftir sjónvarpskeppni Gettu betur.

Ísafjarðargangan

Frískandi ganga um götur Ísafjarðarbæjar. Nemendur fræddir um byggðasögu Ísafjarðarbæjar með áherslu á húsin á Eyrinni. Gangan endar í kaffistoppi í bakaríinu. Koma hlýlega klædd og í góðum skóm sem henta í gönguferðir. Nemendur eiga einnig að taka með sér peninga fyrir kaffisopa, mjólk eða öðrum fljótandi vökva ásamt kaffibrauði.

Karaóki

Stjórna karaóki og leyfa fólki að taka lagið.

Kahoot um hinn enskumælandi heim

Farið verður í kahoot um enskumælandi heiminn

Kleinubakstur

Læra að búa til deig í kleinur, hnoða, skera og steikja.

Ljósmyndamaráðun

Nemendur fá lista með titlum af ljósmyndum og eiga að taka myndir sem passa við hvern titil. Þeir skila inn einni mynd fyrir hvern titil á sérstakri Teams síðu fyrir maraþonið. Nemendur geta verið 1-3 saman. Nemendur þurfa að mæta með tæki sem getur tekið ljósmyndir og til að setja þær inn á Teams.

One night ultimate werewolf

Nemendur fara í spilið one night ultimate werewolf þar sem markmiðið er að komast að hver er varúlfurinn í hverri umferð

Rattleikur

Tveir í hverju liði. Finna þarf 4 staði utanhúss. Vísbendingar eru bæði í texta og mynd. Ganga á milli staða tekur 35-45 mín.

Saumaklúbbur

Hver og einn tekur með sér sína handavinnu og við þrjónum, saumum, föndrum saman.

Skutlukeppni

Markmið smiðjunnar er að nemendur kynnist því hvaða lögmál hafa áhrif á flug og hvernig best er að hanna skutlur þannig að þær fljúgi sem lengst. Keppt verður í langskutli í lok smiðjunnar.

Sköpun og kraftur

Farið lítillega yfir efnisfræðina en megináhersla lögð á smíði hagnýts hlutar.

Snú, snú og teygjÓ

Leikir með snú-snú bönd. Upp í tíu og rykkur í nokkrum útfærslum.

TeygjÓ – teygjutvist og þríhyrningur.

Ræðst af vilja þátttakenda hversu löngum tíma verður eytt í snú-snú og/eða teygjÓ á meðan að smiðjan stendur yfir.

Spil

Alls kyns áhugaverð borðspil í boði.

Stafsetningarkeppni í ensku

Nemendum verður skipt í tvö lið þar sem þeir skiptast á að koma að borði og stafsetja orð sem kennari gefur

Talnaprautir og rökhugsun

Smíðja fyrir þá sem hafa gaman af því að glíma við gátur, þjálfra rökhugsun og leysa þrautir. Gott er að hafa með sér blað og blýant.

Teikning

Teikna það sem þú sérð og skyggja. Kennslugögn eru blýantur og strokleður

Tónlistarsmiðja

Markmið/stutt lýsing: Starfið í tónlistarsmiðjunni felst í því að njóta góðrar tónlistar og lagasmíðum. Nemendur geta komið með tónlist til að hlusta á. Þá er einnig gert ráð fyrir að þeir fái tækifæri til að semja sína eigin tónlist og/eða æfa lög til flutnings á sal.

Tónlistarspuni

Í smiðjunni fá nemendur að prufa sig áfram og leika sér í tónsköpun í gegnum spuna. Leiðbeinendur leiða nemendur í gegnum skemmtilegar æfingar, leiki og tilraunir með spuna. Þátttakendur þurfa að koma með sín eigin hljóðfæri en þurfa samt ekki að eiga að baki langa tónlistarmenntun. Engin ritskoðun – engin pressa!

Víkingaskák

Markmið smiðjunnar er að kynna nemendum hinn einstaka heim víkingaskákarinnar. Farið verður yfir mannganginn og reglur víkingaskákar og að því búnu tefla þátttakendur hver við annan.

Yndislestur

Mæta á bókasafnið, velja bók, koma sér vel fyrir, lesa og njóta!